



ga á blaðamannafundinum í fyrradag. Frá vinstri: Benedikt Sigurðsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri, Hallgrímur Sigurðsson, framson, deildarstjóri brunatryggingadeildar.

„Listahátíð getur ekki borið ábyrgð á rekstri Norræna hússins“

— Davíð Oddsson og Hrafn Gunnlaugsson svara Erik Sönderholm

Astæður iðgjaldslækkunarinnar

Astæður iðgjaldslækkunarinnar sögðu þeir forystumenn Samvinnutrygginga vera þróun í orkumálum, þar sem er hitaveita er nú í um 80% bygginga en rafkynding í 10%, betri brunavarnir, betri húsagerð og loks betri skrifstofutækni, þe. tölvuvæðing allrar vinnslu.

Iðgjöld vegna brunatryggingar húsa á Íslandi 1979 eru áætluð 1.446.3 milljónir og því ljóst hve miklar hagsbætur hér ræðir um fyrir húseigendur, ef almennt yrði að þetta fyrirkomulag kæmist á.

(Þess skal getið hér að í stutttri frásögn af þessum fundi með forráðamönnum Samvinnutrygginga í blaðinu í gær, varð meinleg villa í fyrirsögn, þar sem lækkunin varð að 4 prósentum í stað 40 og biður blaðið þá tryggingamenn og lesendur velvirðingar á þeim mistökum.)

SJ — Athugasemd Eriks Sönderholms forstjóra Norræna hússins vegna uppgjör Listahátíðar 1978 er á töluverðum misskilningi byggð sagði Davíð Oddsson fráfarandi formaður framkvæmdastjórnar Listahátíðar í gær. Norræna húsið hefur alfarib sjálft valið þá krafa sem þar hafa komið fram á Listahátíð og kostnaður þar af hefur hvergi komið inn í okkar reikninga, frekar en aðild margra annarra aðila svo sem Þjóðleikhússins, Leikfélags Reykjavíkur og fleiri. Ég held að halli Norræna hússins af aðild að Listahátíð hafi verið svipaður að þessu sinni og af fyrri hátíðum og hafi hann verið meiri þá er það sjálfsagt vegna þess að forstjórinn hefur færst eitthvað meira í fang en áður hefur verið gert. Ég tel ennfremur að Norræna húsið hafi fengið fjárveitingu sérstaklega vegna Listahátíðar og get ég þess hér vegna þeirra ummæla forstjóra hússins að hallinn af Listahátíð sé þriðjungur af því fé sem ætlað er

til reksturs hússins.

Varðandi styrkina sem framkvæmdastjórn Listahátíðar ákvað að veita Bandalagi Íslenskra listamanna og Söngskólanum vil ég geta þess að Erik Sönderholm á að vísu ekki sæti í framkvæmdastjórn Listahátíðar þótt hann hafi verið boðaður þar á fundi en hann sat fulltrúaráðsfund Listahátíðar, þar sem fjallað var um þetta mál og gerði þá enga athugasemd þar við. Óneitanlega kemur það spáskt fyrir sjónir nú, eftir að þessi óánægja hans er komin í ljós.

— Ég ætla mér ekki að munnhöggvast opinberlega við forstjóra Norræna hússins um hagnað af Listahátíð '78, sagði Hrafn Gunnlaugsson fráfarandi framkvæmdastjóri hátíðarinnar Tímanum. En ég vil taka fram eftirfarandi:

— Þegar talað er um hagnað af Listahátíð eða tap er átt við bæði starfsárin sem umboð Lista-

hátíðarnefndar nær yfir. Hátíðin sjálf er haldin annað hvert ár.

— Erik Sönderholm verða á þau mistök að einblína á árið 1978, er skilaði 7.003.340 króna hagnaði en sleppa árinu 1977. Hagnaður af Listahátíð '78 sundurliðaður nákvæmlega er 12.315.534 kr. í hreinum peningum, eignaaukning keypt skrifstofuáhöld 544.462 kr., innrétting á húsnæði Listahátíðar 1 milljón kr. Samanlagt eru þetta tæpar 14 milljónir kr. og stendur því fullyrðing mín um 14 milljóna kr. hagnað óhöggub. Peninga eign hátíðarinnar frá hátíðunum 1976 og 1978 eru því samtals tæplega 20 milljónir kr.

— Þá vil ég benda á að reikningar Norræna hússins hafa aldrei verið teknir inn í uppgjör Listahátíðar. Það er ekki hægt að ætlast til að framkvæmdastjóri Listahátíðar beri ábyrgð á rekstri Norræna hússins frekar en annarra stofnana sem eiga aðild að hátíðinni svo sem Þjóðleikhússins eða Listasafn Íslands.

fram til þess tíma var aðeins gert ráð fyrir einum valkosti, sem sé þeim að þessum viðskiptum öllum væri komið fyrir hjá Brunabótafélagi Íslands, — var með enn nýjum lögum 1955 ákveðið að svipta forráðamenn byggðarlaganna valfrelsinu varðandi umrædd váttryggingarviðskipti. Gilda nú um þessar tryggingar tvenns konar reglur í þrennum lögum. Reykjavíkurborg hefur heimild til þess að sjá sjálf um tryggingar húsa í Reykjavík og hefur hún falið það Húsatryggingum Reykjavíkur. Um brunatryggingar utan Reykjavíkur gilda þau ákvæði tvennra laga að skylt sé að tryggja allar húseignir hjá Brunabótafélagi Íslands aðrar en útihús. Samkvæmt annarri lagagrein hafa þau heimild til að semja við önnur tryggingarfélag um brunatryggingar á húseignum í umdæmi sínu og er hér augljóst misræmi. Vilji sveitarfélag hins vegar tryggja hjá öðru tryggingarfélagi en Brunabótafélagi Íslands þarf það að senda inn sérstaka bænarskrá, og er erfitt og tafsamt að koma þessu í kring, eða ekki minna en 8 mánuðir og aðeins á fimm ára fresti. Gagnrýndu forsvarsmenn Samvinnutrygginga þetta fyrirkomulag mjög mikið og töldu eðlilegt að framtíðarformið yrði með sama hætti og nú er orðið alls stöðar í nágrenna löndum, frjáls valréttur, líkt og gerist um aðrar tryggingar, sem að eðli eru ekki að neinu leyti frábrugðnar þessari grein trygginga.

„Hef aldrei sýnt samvisku“
 í gær myndlistarsýningu manna

og ég held að farið hafi verið að lögum þegar mér var veitt leyfi til að sýna, ég veit að það var farið að lögum. Ég sýni með góðri samvisku, — aldrei með betri samvisku. Hins vegar ætlaði ég upphaflega að sýna á Hótel Borg, en köld eru kvennarad ég fékk ekki húsnæði þar, heldur Sigrún Jónsdóttir. Þá sótti ég um Kjarvalsstaði og átti ekki í annað hús að venda.

— Mér finnst gott andrúmsloft hér í húsinu, sagði Steingrímur að endingu, en þetta er 41. sýning hans frá því hann „debuteraði“ í Bogasalnum árið 1966.



MEST SELDA TÆKI LANDSINS
1977 OG 1976 *þetta eru meðmæli*
1979 árgerðin komin



Verð 298.980

SHC-3250/3220

Arm-elevation Auto Player for SHC-3250, BSR Record Changer for SHC-3220

CROWN RADIO CORP. JAPAN

Verðbreytingar væntanlegar

Radio BÚÐIN
 Skipholti 19 sími 29800-5 línur
 27 ár í atvinnubroddi